

1. að kirkjur þær, sem nú eru í nefndu prestakalli á Höfða og Grýtubakka og áhöld (inventarium) þeirra, sem og sjóður sá, er Grýtubakka kirkja nú á, leggist til hinnar nýu kirkju. 51  
30. des.  
1880.

2. að sóknarmenn prestakallsins leggi sjálfir fram kostnaðinn, sem leiðir af smíði hinnar nýu kirkju, að svo miklu leyti, sem andvirði hinna nú verandi kirkna og sjóður Grýtubakka kirkju ekki nægir til þess.

3. að hin nýa kirkja verði höfð svo stór, að hún sje nægileg fyrir sóknarmenn alls prestakallsins, og að hún verði svo úr garði gjörð, að hún sje sæmilegt og veglegt guðshús fyrir söfnuðinn og

4. að eigandinn að Grýtubakka kirkju megi losa sig við þá kvöð, sem hingað til hefir hvílt á nefndri jörð, að svara árlegri prests mötu af eign sinni með 120 pnd. smjör, með því móti að hann afsali frá sjer til prestakallsins jörðinni Svæði, svo og greiði því í rikisskuldabryfum og reiðum peningum 650 kr. upphæð.

Þetta læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun hreppstjóra. — Í þóknanlegu brjefi frá 23. nóv. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skotið því til ráðgjafans, hvort eigi skyldi semja frumvarp til laga um laun handa hreppstjórum til þess það yrði lagt fyrir alþingi í sumar komanda; skyldi frumvarp þetta samið eptir meginreglum þeim, sem þjer nákvæmar tækuð til, einkum þannig, að fernar launaupphæðir yrðu fastákveðnar hver um sig 100 kr., 80 kr., 60 kr. og 40 kr. og að helmingur launanna greiddist úr landssjóði, hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts. 52  
14. jan.

Þar eð nú hreppstjórnarnir, eins og þjer, herra landshöfðingi hafið tekið fram, verða að skoðast sem starfsmenn í þarfir sveitarfjelaganna (kommunale bestillingsmænd) virðist svo, sem gagnstætt væri rjettum grundvallarreglum að leggja á landssjóð að greiða þeim laun, og það því fremur, sem þeir ekki einu sinni eru fastir starfsmenn, en geta vikið úr þjónustunni eptir 3 ár. Ráðgjafanum þykir því viðsjárvert, að stuðla til að slík launalög sem þau, er þjer hafið stungið upp á, og sem íþyngja myndi landssjóði mjög mikið, fái framgang, en verður að ætla, að það sjeu þau sveitarfjelögin, sem hreppstjórnarnir starfa fyrir, sem eigi að greiða þeim þóknun fyrir starfa þeirra, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt.

En á hinn bóginn virðist ráðgjafanum að ástæða gæti verið til að reyna að útvega sýslunarmönnum þessum meiri tekjur með því, að endurskoða og breyta ákvörðunum þeim í aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830 VIII. kap., sem veita hreppstjórum óhæfilega lítil laun fyrir að framkvæma þingleg störf, og með því að slík aðferð til að launa hreppstjórunum sýnist hvað öðru líður að vera samkvæmari ásigkomulagi starfa þess, er þeir hafa á höndum, en föst laun, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að endurskoða í nefndu skyni ákvarðanir aukatekjureglugjörðarinnar og síðan semja og senda hingað lagafrumvarp í þá átt, svo að það verði lagt fyrir alþingi.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðskrá lyfsala. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 4. nóvember f. á. um beiðni Krügers lyfsala í Reykjavík, er þjer endursenduð með sama brjefi, og sem hið 53  
14. jan.